

# HAMPIÐJAN

VERSLUN

ALLT Á EINUM STAÐ

Ólafsbraut 19 - 436 1214 - www.voot.is

# JÖKULL

1144. tbl - 25. árg.

23. janúar 2025



## Sólin teygir sig í Ólafsvíkarkirkju



Myrkasti veturinn er nú að klárast og daginn tekið að lengja. Eftir tveggja mánaða fjarveru sólar eru sólarlausir mánuðir úr sögunni í Ólafsvík og Grundarfirði þar til í nóvember. Þessa fallegu mynd náði Heimir Berg af Ólafsvíkarkirkju á dögnum. Sólargeislarnir eru farnir að ná yfir fjallgarðinn sem umlykur bæinn og teygja sig í kirkjuturninn. Miðað er við að þegar sólin skín á Snopp-

una í Ólafsvík er sólin formlega komin aftur. Í framhaldi af því er löng hefð fyrir sólarpönnukökum en þá tekur Kvenfélag Ólafsvíkur til hendinni og baka pönnukökur í tilefni hækkandi sólar. Fyrirtæki og einstaklingar í samfélaginu njóta þá góðs af en það er ein helsta fjáröflun kvenfélagsins þar sem að árlega baka öflugar félagskonur yfir 2000 pönnukökur.

*SJ*



**Við bjóðum upp á  
alhliða bílaviðgerðir,  
dekkjaskipti og smurþjónustu.**

Tímarpantanir í síma 436-1111

## ÞORRABLÓT Í KLIFI

1 FEBRÚAR 2025

Hinn eini sanni þorramatur, skemmtiatriði og hljómsveitin Babies flokkurinn heldur uppi stuðinu fram á nótt.

Miðaverð: 14.500kr

Miðasala verður í Félagsheimilinu Klifi sunnudaginn 26. janúar kl. 13:00-14:00.

Húsið opnar 12:30 og dregið verður um röð kaupenda.

Mánudaginn 27. janúar kl. 19:30-20:30

Þriðjudaginn 28. janúar kl. 19:30-20:30

Hámark miðafjölda á hvern einstakling er 12 stk

**ATH  
ENGINN POSI**

# Æfing með Aldísi og Sædísi

Landsliðskonurnar Aldís Guðlaugsdóttir og Sædís Rún Heiðarsdóttir héldu í samstarfi við stjórn ungmennafélags Víkings/Reynis æfingu fyrir ungar knattspyrnukonur á öllu Snæfellsnesi. Æfingin var haldin í íþróttahúsinu í Ólafsvík og þátttakan mjög góð. Aldís spilar með FH í efstu deild á Íslandi og Sædís Rún spilar með Vålerenga í efstu deild í Noregi. Æfingin var stelpunum hvatning til áframhaldandi þátttöku í knattspyrnu en það er mikilvægt fyrir unga iðkendur að eiga fyrirmyndir eins og þær Aldís og Sædís sem báðar eru uppalдар í Snæfellsbæ. Stelpubolti hefur verið brothættur hópur á svæðinu og oft á tíðum erfitt að halda uppi æfingum. Þessi æfing og fleiri í framtíðinni eru liður í því að reyna að hvetja stelpurnar áfram sem styður vonandi við starfið. Þær



Kristjana Pétursdóttir og Viktoría Kr. Guðbjartsdóttir sáu um skipulagningu og framkvæmd æfingarinnar.

JJ

## Saumað í þrjón



Sóley Jónsdóttir, hjá Sóley saumar, bauð upp á námskeið í húsnæði sínu að Ólafsbraut síðastliðna helgi. Erla Kristín Sigurðardóttir, betur þekkt sem Didda, kom og kenndi áhugasömum handverkskonum að sauma í þrjón. Námskeiðið fór fram dagana 18. og 19. janúar og voru um 10 konur á hvoru námskeiði. Um

er að ræða fallega og skemmtilega aðferð til að skreyta þrjónaflíkur og eru möguleikarnir endalausir þegar kemur að munstri, grófleika og litum. Mikil ánægja var með námskeiðið og fóru konur sáttar heim eftir notalega og fróðlega samveru.

SJ



Blaðið er gefið út af Steinprent ehf. og liggur frammi í Snæfellsbæ og Grundarfirði.

Blaðið kemur út vikulega.

Upplag: 500

Áb.maður: Jóhannes Ólafsson

Prentun: Steinprent ehf.  
Sandholt 22a, Ólafsvík  
355 Snæfellsbæ

Netfang: steinprent@simnet.is

Sími: 436 1617

## Sindri í Bocuse d'Or í Lyon



Ferðalag Sindra Guðbrands Sigurðssonar til Lyon í Frakklandi er hafið en hann heldur þangað til að taka þátt í Bocuse d'Or matreiðslukeppninni. Keppnin er ein elsta og stærsta einstaklingskeppni kokka í heimi, kennd við hinn heimsþekkt franska kokk, Paul Bocuse. Sindri ásamt aðstoðarfólki sínu mun etja kappi við 11 önnur lönd þann 27. janúar og daginn áður keppa önnur 12 lönd. Sigurjón Bragi Geirsson er þjálfari íslenska liðsins. Sindri vann sér inn aðgöngumiða í þessa keppni með því að lenda í 8. sæti í Bocuse d'Or Europe, undankeppni þeirrar sem fer fram á næstu dögum, sem fór fram í Þrándheimi í mars 2024.

Frá því í ágúst hefur Sindri ásamt liði sínu staðið í ströngum æfingum en í þessari keppni fær matreiðslumeistarinn ákveðin hráefni sem þarf að vinna úr innan ákveðins tímaramma. Það er stórt verkefni sem bíður Sindra en hann þarf meðal annars að matreiða fisk, humar í forrétt, fat úr sellerí og sellerírót, dádýrahryggur á beini, tvö stykki úr lundum auk þess að gera stóra köku innbakaða úr dádýraöxl og andalífur, ravioli-pasta og dádýrasyði með japönsku tei. Það er mikill heiður og gæðastimpill innan matreiðslugeirans að komast í þessa keppni og verður spennandi að fylgjast með Sindra þann 27. janúar.

SJ

# Sumarafleysingar á Jaðri



Dvalar- og hjúkrunarheimilið Jaðar auglýsir eftir að ráða fólk í sumarafleysingar í eftirfarandi störf:

- Sjúkraliða og ófaglært fólk í vaktavinnu við almenna aðhlynningu
- Ræstingar og þvottahús á virkum dögum
- Matráð og aðstoð í eldhúsi á virkum dögum og aðra hverja helgi
- Hjúkrunarfræðing og sjúkraliða með umsjón með hjúkrun- og lyfjamál á virkum dögum

Á Jaðri eru samtals 19 hjúkrunar- og dvalarrými. Heimilið var stækkað árið 2011 og er aðstaða íbúa og starfsmanna mjög góð.

## Menntunar- og hæfniskröfur:

- Góð hæfni í mannlegum samskiptum
- Sveigjanleiki, áreiðanleiki og stundvísi
- Frumkvæði í starfi og sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð
- Góð íslenskukunnátta

Laun eru greidd skv. kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga við viðkomandi stéttarfélag.

Frekari upplýsingar um störfin veitir Sigrún Erla Sveinsdóttir, forstöðumaður í s. 433-6933 og á [sigrunerla@snb.is](mailto:sigrunerla@snb.is)

**Umsóknir skulu berast í gegnum umsóknarvef Snæfellsbæjar**



## Verð á raforku hækkar mikið

Um áramótin hækkaði verð á ýmsum vörum og þjónustu, meðal þess sem hækkaði var verð á raforku. Eftir skoðun á raforkureikningi þess sem þetta skrifar kom í ljós að verð á rafmagni hækkaði um 23%, verð fyrir hækkingu hjá Orkusölunni var 8,49 kr. pr. kWst en eftir hækkingu er verðið komið í

10,46 kr. pr. kWst. Þetta er í raun landsbyggðarskattur þar sem að þessi hækking leggst þyngst á íbúa á köldum svæðum sem þurfa að kynda húsinn með rafmagni eins og raunin er með stóran hluta Snæfellsness.

Svo að aftur sé vísað í raforkureikning þess sem þetta ritar þá

er raforkunotkun heimilisins um 44.000 kWst, hækkingin nemur því auknum kostnaði við raforku-kaup upp á 86.000 krónur á ári.

Lesendum er bent á að vera á verði gagnvart verðhækkunum, ein leið í því er að fylgjast með síðum eins og Aurbjörg.is en þar er hægt að skoða samanburð á kostnaði vegna trygginga, fasteignalána, eldsneyti, fjarskipta og rafmagn. Á síðunni kemur fram að hæsta almenna verðið á raforku

er hjá Orkusölunni eða 12,97 kr. á kWst, lægsta verðið sem boðið er (svokallað kjaraverð) er einnig hjá Orkusölunni auk Orkubús Vestfjarða, í tilvikum Orkusölnunnar er hægt að fara inn á mínar síður á heimasíðu fyrirtækisins og skrá sig þar í orkuleið, ef valin er leið sem heitir SparOrka þá greiðir maður 8,49 kr. á kWst.

Meðfylgjandi er skjáskot af Aurbjörgu þann 21. janúar 2025.

JÓ

Raforkusali	Almennt verð (kWst)	Kjaraverð (kWst)
Orkubú Vestfjarða	8,49 kr.	8,49 kr.
Orkusalan	12,97 kr.	8,49 kr.
Straumlind	9,92 kr.	9,92 kr.
Atlantsorka	9,92 kr.	9,92 kr.
Orka Heimilanna	9,97 kr.	9,97 kr.
Orka náttúrunnar	11,41 kr.	10,27 kr.
NI Rafmagn	10,95 kr.	10,95 kr.
HS Orka	11,90 kr.	11,90 kr.
Fallorka	11,94 kr.	11,94 kr.

## FISKMARKAÐUR ÍSLANDS

Sími: 430 3700  
[www.fmis.is](http://www.fmis.is)

# Alexandra Íþróttamaður Grundarfjarðar 2024

Árlegu vali á íþróttamanni Grundarfjarðar var kunnngert við hátíðlega athöfn í Samkomuhúsi Grundarfjarðar á gamlársdag. Var þar tilkynnt hverja íþrótt- og tómsfundanefnd Grundarfjarðarbæjar, ásamt fulltrúum Ungmennafélags Grundarfjarðar, Gólfklúbbsins Vestarr, Skotfélagi Snæfellsness og Hestaæigendafélagi Grundarfjarðar, höfðu valið sem íþróttamann ársins 2024 út frá tilnefningum íþróttafélaga og deilda. Í ár bárust tilnefningar um fjóra afreksíþróttamann en það voru þær Anna María Reynisdóttir fyrir golf, Dagný Rut Kjartansdóttir fyrir skotfimi, Sól Jónsdóttir fyrir hestaíþróttir og Alexandra Björg Andradóttir fyrir blak. Allar eiga þær sameiginlegt að leggja mikinn metnað í sína íþrótt og að vera góðar fyrirmyndir. Það var Alexandra Björg Andradóttir sem varð fyrir valinu í ár og hlaut því titilinn Íþróttamaður Grundarfjarðar 2024. Alexandra er aðeins 15 ára gömul en hefur

sýnt mikla hæfileika og framfarir í blaki síðustu ár. Hún spilar með þremur liðum innan UMFG og er hún er lykilleikmaður í þeim öllum, það er U16 kvenna liðinu, 6. deild kvenna og 1. deild kvenna. Í byrjun hausts 2024 var hún valin í U17 landsliðið eftir langar og strangar æfingahelgar sem hún sótti vel. Alexandra keppti með landsliðinu á Norðurlandamóti í Danmörku nú í október og vann liðið brons á því móti. Alexandra átti góðar innkomur með landsliðinu og er reynslunni ríkari eftir ferðina. Í tilnefningunni frá blakdeild UMFG segir að hún sé vaxandi leikmaður sem á framtíðina fyrir sér. Hún hafi mikið keppnisskap sem hefur oft verið erfitt að stjórna, en með eldmóði sínum og vinnusemi hefur deildin trú á því að henni muni takast að verða enn betri liðsmaður og leikmaður á komandi árum. Alexandra er fyrirmynd fyrir aðra unga íþróttamenn og verður gaman að fylgjast með henni í framtíð-



inni. Við þetta sama tilefni heiðraði íþrótt- og tómsfundanefnd Grundarfjarðar sjálfboðaliða í baklandi íþróttastarfs og tómsfunda fyrir óeigingjarnt starf. Óskaði nefndin eftir samstarfi við íþróttafélög og félagasamtök í bænum og bárust fjórar tilnefningar að þessu sinni, frá Félagi eldri borgara í Grundarfirði sem tilnefndu Kristján Guðmundsson, Skotfélag Snæfellsness til-

nefndi Unnstein Guðmundsson, Golfklúbburinn Vestarr tilnefndi Ragnar Smára Guðmundsson og Ungmennafélag Grundarfjarðar tilnefndi Sigríðu G. Arnardóttur. Voru þau öll heiðruð fyrir óeigingjarnt starf sitt í þágu samfélagsins. Meðfylgjandi mynd er af Alexöndru Björgu Andradóttur að taka við viðurkenningunni.

SJ



## Fundur um vöktun og mat á gróðri og jarðvegi

Mánudaginn 13. janúar var opinn fundur um vöktun og mat á gróðri og jarðvegi á Snæfellsnesi í bú- og gestastofu Snæfellsness á Breiðabliki. Markhópurinn fyrir þessa vinnustofu voru bændur og aðrir landeigendur á Snæfellsnesi en allir þó velkomnir. Fulltrúar GróLindar voru þátttakendur í vinnustofunni en GróLind er verkefni á vegum Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytisins, Landgræðslunnar, Bændasamtaka Íslands og Landssamtaka sauðfjárbænda. Markmið þess er tvíþætt, í fyrsta lagi að gera heildaryfirlit um stöðu gróður- og jarðvegsauðlinda og í öðru lagi að þróa sjálfbærnivísa fyrir landnýtingu á Íslandi. Iðunn Hauksdóttir, Héraðsfulltrúi Lands og Skógar á Vesturlandi og Ragnhildur Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri Svæðisgarðsins Snæfellsness tóku



einnig þátt auk bænda og landeigenda á svæðinu. Boðið var upp á súpu og brauð og en fundurinn var mjög vel sóttur. Þetta var fyrri fundur í þessari fundaröð en sá

seinni verður haldinn í lok febrúar eða byrjun mars. Þá fara fram frekari umræður um málefnið og hvernig má finna þeim farveg innan GróLindar. Sá fundur verður

einnig ætlaður fulltrúum sveitarfélaga og skipulagsnefnda, ferðabjónustuaðilum, Snæfellsjökulþjóðgarði og öðrum hagaðilum.

JJ

# Gjaldskrá fyrir Íþróttahús og sundlaug Snæfellsbæjar í Ólafsvík

Gildir frá 1. janúar 2025

## Sundlaug Snæfellsbæjar í Ólafsvík

### Stakar sundferðir:

Börn, 9 ára og yngri.....	Fritt
Börn, 10-17 ára.....	400 kr.
Fullorðnir.....	1.350 kr.
Ellilífeyrisþegar og öryrkjar.....	700 kr.

### Afsláttarmiðar:

Börn, 10 miðar.....	2.000 kr.
Börn, 30 miðar.....	4.800 kr.
Börn, árskort.....	14.000 kr.
Fullorðnir, 10 miðar.....	6.750 kr.
Fullorðnir, 30 miðar.....	16.200 kr.
Fullorðnir, árskort.....	40.500 kr.
Ellilífeyrisþegar og öryrkjar, árskort.....	10.000 kr.

### Annað:

Sturta, fullorðnir.....	900 kr.
Leiga á sundfötum.....	500 kr.
Leiga á handklæði.....	500 kr.

Börnum yngri en 10 ára er óheimill aðgangur að sundlauginni nema í fylgd með syndum einstaklingi, 15 ára eða eldri. Viðkomandi má ekki hafa fleiri en tvö börn með sér, nema um sé að ræða foreldri eða forráðamann barna.

**Athugið: afsláttarkort gilda bæði í sundlauginni í Ólafsvík og á Lýsuhóli.**

## Íþróttahús Snæfellsbæjar í Ólafsvík

Tími í íþróttasal (1/1).....	8.000 kr.
Tími í íþróttasal (1/3).....	3.000 kr.
Barnaafmæli.....	8.000 kr.

Einstaklingstímar.....	1.000 kr.
10 tíma kort.....	5.000 kr.
Veislur.....	50.000 kr.

UMF Víkingur/Reynir, allt að 250 tímar á ári í sundlaug @ 8.000.- per klt.

UMF Víkingur/Reynir, allt að 1400 tímar á ári í íþróttahúsi @ 8.000.- per klt.

Grunnskólinn, allt að 650 tímar á skólaári (38 vikur) í sundlaug @ 8.000.- per klt.

Grunnskólinn, allt að 700 tímar á skólaári (38 vikur) í íþróttahúsi @ 8.000.- per klt.

Gjaldskrá þessi er samþykkt í bæjarstjórn Snæfellsbæjar þann 5. desember 2024. Tekur gjaldskrá þessi gildi þann 1. janúar 2025 og frá sama tíma fellur niður gjaldskrá fyrir íþróttahús og sundlaug Snæfellsbæjar sem gilt hefur frá 1. janúar 2024.

Snæfellsbær, 5. desember 2024



# Mannamót ferðaþjónustunnar

Þann 16. janúar síðastliðinn var árlegur viðburður Markaðsstofa landshlutanna, Mannamót, haldinn í Kórnum í Kópavogi. Viðburðurinn er helgaður ferðaþjónustu á landsbyggðinni og er fjölmennasti viðburður í ferðaþjónustu á Íslandi. Markaðsstofurnar starfa með um 900 fyrirtækjum og sveitarfélögum um allt land og árlega er þessi ferðakaupstefna haldin þar sem fagaðilar í greininni fá tækifæri til að mynda tengsl innan ferðaþjónustunnar. Markmið og tilgangur viðburðarins er að skapa vettvang þar sem landsbyggðarfyrirtæki fá tækifæri til að kynna sína þjónustu og vöruframboð fyrir ferðaþjónustuaðilum sem staðsettir eru á höfuðborgarsvæðinu. Þá er þetta frábær vettvangur til að efla tengsl

innan ferðaþjónustunnar og tækifæri til þess að eiga gott samtalið við ferðaþjónustuna víðs vegar um landið. Gestum á Mannamótum gefst kostur á kynna sér það sem mismunandi landshlutar eru að bjóða uppá en alls voru um 250 fyrirtæki af landinu öllu skráð á viðburðinn í ár. 39 ferðaþjónustuaðilar af Vesturlandi gerðu sér ferð suður til að kynna sig og sjá aðra, þar á meðal voru Arnarstapi Center, Glacier Paradise, Hjá Góðu fólki, Hótel Búðir, Hótel Langaholt, Snæfellsjökulsþjóðgarður, Snæfellsnes Adventure, Svæðisgarðurinn Snæfellsnes, The Freezer og Vestur Adventures. Meðfylgjandi mynd er frá Snæfellsjökulsþjóðgarði.

SJ



- Bílaviðgerðir
- Skipaþjónusta
- Almenn suðuvinna
- Smurþjónusta
- Smábátaþjónusta
- Dekkjaverkstæði

vegr@vegr.is vegr.is  
S: 849-7276 Remek og 898-5463 Þórður



Á heimasíðu  
Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness  
**fasteignsnae.is**  
er að finna upplýsingar um allar eignir á  
skrá hjá Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness.

Pétur Kristinsson hdl.  
löggitur- fasteigna- og skipasali sími 438-1199

## Fuglar taldir um garðfuglahelgi 24. - 27. janúar

Hin árlega garðfuglahelgi að vetri verður 24.-27. janúar að öllum fjórum dögum meðtöldum. Um er að ræða helgi þegar fuglaáhugafólk um land allt telur fuglategundir í gördum. Framkvæmd athugunarinnar er einföld. Það eina sem þátttakendur þurfa að gera er að fylgjast með garði í einn klukkutíma einn dag. Fjórir dagar koma til greina og athugendur velja hvaða dag þeir fylgjast með garðfuglum eftir veðri og aðstæðum. Það þarf ekki endilega að eiga garð til að gefa fóður og telja fugla í heldur er hægt að koma sér fyrir í almenningsgarði en slíkir eru víða í sveitarfélögum landsins.

Þátttakendur skrá hjá sér hvaða fuglar koma í garðinn og taln-

inginn miðar við þá fugla sem eru í garðinum en ekki þá sem fljúga yfir. T.d. má ekki leggja saman fuglafjölda sem sást kl. 13 og þann sem sást kl. 13.30 heldur ber að nota hærri töluna. Þetta er til að forðast tvítalningar á sama fuglinum, sem ef til vill kemur á 15 mínútna fresti í garðinn svo hann verði skráður sem 1 fugl en ekki 4. Að lokinni athugun skal skrá niðurstöður rafrænt á vef Fuglaverndar eða á eyðublöðum sem þar er að finna. Á heimasíðunni eru nánari upplýsingar um garðfuglahelgina:

<https://fuglavernd.is/tegundavernd/gardfuglar/gardfuglahelgi/>  
Ef fuglunum er ekki gefið reglulega þá er gott er að hefja undir-

búning talningar nokkrum dögum áður með því að gefa daglega til að laða fugla að. Misjafnt er hvaða fóður hentar

hverri fuglategund en upplýsingar um það er að finna á framangreindri heimasíðu Fuglaverndar.



# Gjaldskrá fyrir Lýsulaug og félagsheimilið á Lýsuhóli

## Sundlaug Snæfellsbæjar á Lýsuhóli

### Stakar sundferðir:

Börn, 9 ára og yngri.....	Frítt
Börn, 10-17 ára.....	500 kr.
Fullorðnir.....	1.800 kr.
Ellilífeyrisþegar og öryrkjar.....	700 kr.

### Afsláttarmiðar:

Börn, 10 miðar.....	2.500 kr.
Börn, 30 miðar.....	6.000 kr.
Börn, árskort.....	15.000 kr.
Fullorðnir, 10 miðar.....	6.750 kr.
Fullorðnir, 30 miðar.....	16.200 kr.
Fullorðnir, árskort.....	40.500 kr.

### Annað:

Sturta, fullorðnir.....	1.000 kr.
Leiga á sundfötum.....	500 kr.
Leiga á handklæði.....	500 kr.

Börnum yngri en 10 ára er óheimill aðgangur að sundlauginni nema í fylgd með syndum einstaklingi, 15 ára eða eldri. Viðkomandi má ekki hafa fleiri en tvö börn með sér, nema um sé að ræða foreldri eða forráðamann barna.

Gjaldskrá þessi er samþykkt í bæjarstjórn Snæfellsbæjar þann 5. desember 2024. Tekur gjaldskrá þessi gildi þann 1. janúar 2025 og frá sama tíma fellur niður gjaldskrá fyrir sundlaug Snæfellsbæjar á Lýsuhóli sem gilt hefur frá 1. janúar 2024.

## Félagsheimilið á Lýsuhóli

<b>a) Dansleikir/veislur (allt húsið - án STEF gjalda)</b>	<b>kr.</b>	<b>96.600</b>
~ húsaleiga	kr.	57.750
~ þrif á húsinu	kr.	38.850
~ dúkaleiga (valkvætt)	kr.	20.000
ATHUGA - STEFgjöld eru greidd af leigutaka - reiknuð skv. Gjaldskrá STEF hverju sinni		
<b>b) Helgarleiga - allt húsið (föstudagur - sunnudags)</b>	<b>kr.</b>	<b>147.000</b>
<b>c) Fundir - kaffisalurinn</b>	<b>kr.</b>	<b>21.000</b>
<b>c) Fundir - félagasamtök með eignarhaldi</b>	<b>kr.</b>	<b>5.000</b>

- \* Eldhús skal ALLTAF vera frágengið eins og að var komið (sjá húsreglur).
- \* Leigutaki sér sjálfur um uppsetningu og röðun á borðum og stólum og skal raða þeim upp aftur á þann hátt sem tekið var við þeim áður en húsinu er skilað (**samráð við umsjónarmann**).
- \* Þrif eru ekki innifalin í leiguverði, nema skv. lið a, en hægt er að kaupa þrif skv. neðangreindri gjaldskrá:
  - ~ **Þrif á kaffisal** kr. **23.100**
  - ~ **Þrif á stóra salnum** kr. **38.850**
- \* Hægt er að fá umsjónarmann til að sjá um kaffi á fundum og skal það gert um leið og húsið er pantað - að öðrum kosti er ekki gert ráð fyrir því að húsið sjái um veitingar.
  - ~ **Samið er um verð við umsjónarmann**
- \* Ef tónlist er höfð í húsinu þarf að greiða STEF gjöld. Félagsheimilið er ábyrgt fyrir greiðslu STEF gjalda og sér því um innheimtu á þeim hjá leigutaka. Upphæð fer skv. gjaldskrá STEF hverju sinni og hægt er að nálgast hana á heimasíðu STEF.



# HAMPIÐJAN

## VERSLUN ÓLAFSVÍK

Ólafsbraut 19 - s. 436 1214 - olafsvik@hampidjan.is

Við bjóðum upp á þrautreyndar rekstrarvörur fyrir sjó og land, allt á einum stað!



**Breyttur opnunartími verslunar:**

Virka daga 8 - 17

Föstudaga 8 - 16